


# Árnes – kynningarfundur 11. júní 2024

Niðurstöður spurningalista og umræður



Árnes – kynningarfundur 11. júní 2024. Niðurstöður spurningalista og umræður.

ENVALYS – júlí 2024

**Höfundur skýrslu:**

Páll Jakob Líndal, dr. í umhverfissálfræði

## Efnisyfirlit

Inngangur, framkvæmd og gagnagreining .....	1
Spurningalisti - hluti 1: Afstaða til frumhugmyndar .....	4
1. Hversu illa/vel líst þér á frumhugmyndina sem var kynnt á fundinum um framtíðarþróun Árness? .....	4
2. Hversu ósammála/sammála ert þú því að félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar? .....	6
3. Hversu ósammála/sammála ert þú framlagðri staðsetningu nýs íþróttahúss og sundlaugar? .....	7
4. Hversu litlu/miklu máli telur þú það skipta að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss? .	8
5. Hversu illa/vel líst þér á að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins í þeim tilgangi að styrkja umgjörð svæðisins og auka aðgengi fólks að svæðinu? .....	9
6. Hversu illa/vel líst þér á þær göngu- og hjólaleiðir sem settar eru fram í frumhugmyndinni og eiga að mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð? .....	10
7. Hversu illa/vel líst þér á að akstursleið fari eftir jaðri miðkjarnans? .....	12
8. Hvernig finnst þér að best mætti nýta græna svæðið í miðjunni? .....	13
Spurningalisti – hluti 2: Afstaða til kynningar .....	14
9. Hversu gagnleg fannst þér heildaryfirferðin á þeirri frumhugmynd sem kynnt var? .....	14
10. Hversu gagnleg fannst þér notkun þrívíddarlíkansins við kynningu á frumhugmynd?...	14
11. Myndirðu vilja fá hafa aðgang að þrívíddarlíkaninu t.d. gegnum netið, til að átta þig betur á frumhugmyndinni? .....	15
Viðauki A – spurningar, ábendingar og svör .....	16
Viðauki B – heildarupplifun af fundi .....	21
12. Hver var heildarupplifun þín á þessum fundi? .....	21


## Myndaskrá

Mynd 1. Hugmynd að rammaskipulagi sem kynnt var á kynningarfundum. ....	1
Mynd 2. Áherslupunktur í frumhugmynd sem kynnt var á kynningarfundum.....	2
Mynd 3. Frumhugmynd sem lögð var fram á kynningarfundum. ....	4
Mynd 4. Meðaltal svara þátttakenda við því hvernig þeim leist á frumhugmynd. ....	4
Mynd 5. Afstaða þátttakenda eftir því hvernig þeim leist á frumhugmyndina. ....	5
Mynd 6. Meðaltal svara þátttakenda við því hvort félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar. ....	6
Mynd 7. Afstaða þátttakenda til þess hvort félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar.....	6
Mynd 8. Meðaltal svara þátttakenda varðandi framlagða staðsetningu nýs íþróttahúss og sundlaugar. ....	7
Mynd 9. Afstaða þátttakenda til framlagðrar staðsetningar nýs íþróttahúss og sundlaugar. ....	7
Mynd 10. Meðaltal svara þátttakenda til þess hversu litlu/miklu máli það skiptir að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss. ....	8
Mynd 11. Afstaða þátttakenda til þess hvaða máli það skiptir að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss. ....	8
Mynd 12. Meðaltal svara þátttakenda til þess hvernig þeim líst á að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins í þeim tilgangi að styrkja umgjörð svæðisins og auka aðgengi fólks að svæðinu. ....	9
Mynd 13. Afstaða þátttakenda til þess að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins. 9	9
Mynd 14. Göngu- og hjólastígar sem ætlað er að mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð og akstursleið á jaðri miðkjarnans. ....	10
Mynd 15. Meðaltal svara þátttakenda varðandi göngu- og hjólaleiðir sem mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð.....	10
Mynd 16. Afstaða þátttakenda til framlagðra göngu- og hjólaleiða. ....	11
Mynd 17. Meðaltal svara þátttakenda varðandi akstursleið eftir jaðri miðkjarnans. ....	12

Mynd 18. Afstaða þátttakenda til framlagðrar akstursleiðar eftir jaðri miðkjarnans. ....	12
Mynd 19. Þau atriði sem þátttakendur nefndu varðandi hvernig best megi nýta græna svæðið í miðjunni. ....	13
Mynd 20. Afstaða þátttakenda flokkuð eftir hversu gagnleg þeim þótti heildaryfirferðin á frumhugmyndinni. ....	14
Mynd 21. Afstaða þátttakenda flokkuð eftir hversu gagnleg þeim þótti notkun þrívíddarlíkansins við kynningu á frumhugmyndinni. ....	14
Mynd 22. Afstaða þátttakenda flokkuð eftir því hvort þeir myndu vilja hafa aðgang að þrívíddarlíkaninu til að átta sig betur á frumhugmyndinni. ....	15
Mynd 23. Vindrósir á völdum stöðum á svæðinu. ....	20

## Inngangur, framkvæmd og gagnagreining


Haldinn var kynningar- og vinnufundur með íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps í félagsheimilinu Árnesi laugardaginn 11. júní 2024. Megintilgangur fundarins var kynning og umræða um framtíðarskipulag í þéttbýlinu Árnesi. Voru áherslur og forsendur skipulagsvinnunnar reifaðar sem og niðurstöður gagnasöfnunar frá kynningarfundum 16. mars sl. Þá var rammahugmynd sem kynnt var 16. mars rifjuð upp (sjá mynd 1) og frumhugmynd að skipulagi miðkjarna (sjá appelsínugulan flöt á mynd 1, sem og myndir 2 og 3) lögð fram. Fjöldi þátttakenda á fundi var um 60 sem endurspeglar um 12,5% íbúa í sveitarfélaginu 16 ára og eldri<sup>1</sup>.



Mynd 1. Hugmynd að rammaskipulagi sem kynnt var á kynningarfundum.

<sup>1</sup> Fjöldi íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 16 ára og eldri þann 1. janúar 2024 var 473 skv. Hagstofu Íslands. Kynjahlutfall var 49% konur og 51% karlar. Aldurshlutfall var 39% 16-40 ára, 30% 41-60 ára og 31% 61 árs og eldri. Fjöldi íbúa í Árnesi 16 ára og eldri þann 1. janúar 2024 var 46 skv. Hagstofu Íslands. Kynjahlutfall er 54% konur og 46% karlar. Aldurshlutfallið var 46% 16-40 ára, 28% 41-60 ára og 26% 61 árs og eldri.

Frávik í kynja- og aldursamsetningu á fundi miðað við sveitarfélag og byggðarkjarna geta skekkt niðurstöður.



Mynd 2. Áherslupunktur í frumhugmynd sem kynnt var á kynningarfundu.

Meðan á framsögu stóð gátu þátttakendur komið að athugasemdum og spurningum, auk þess sem sérstaklega var boðið upp á slíkt bæði um miðbik framsögu og eftir að henni lauk. Voru allar ábendingar og spurningar skráðar niður og eru þær birtar í Viðauka A ásamt svörum.

Að lokinni framsögu var lagður fram spurningalisti sem þátttakendur voru beðnir um að svara skriflega. Í spurningalistanum var leitað eftir afstöðu þátttakenda til:

- a) Frumhugmyndarinnar í heild sinni sem og einstakra þátta hennar. Átta spurningar voru í þessum hluta; sjö þeirra var svarað á uppgefni svarstíku (0-6) en ein spurning var opin og þar var þátttakendum frjálst að skrifa eins mikið og þeir sáu ástæðu til.
- b) Þeirrar kynningar á frumhugmynd sem fór fram á fundinum og gagnsemi þrívíddarlíkansins sem notað var. Fjórar spurningar voru í þessum hluta; þremur þeirra var svarað á uppgefni svarstíku (0-6) en ein spurning var opin og þar var þátttakendum frjálst að skrifa eins mikið og þeir sáu ástæðu til.

Auk þessa var spurt um kyn og aldur þátttakenda.

47 þátttakendur (tæplega 80% af heildarfjölda þátttakenda á fundi) svöruðu spurningalistanum í heild sinni eða að hluta til. Kynjahlutfall meðal þeirra sem svöruðu var 43% konur og 53% karlar

en 4% kusu að tilgreina ekki kyn sitt. Aldurshlutfall svarenda var 23% 40 ára og yngri, 43% 41-60 ára og 34% 61 árs og eldri.

Við úrvinnslu gagna voru meðaltöl og staðalfrávik reiknuð. Þá voru svör greind nánar með því að skoða dreifingu svara á svarstikum. Til að einfalda framsetningu á þeim niðurstöðum voru við úrvinnslu öll svör á neðri hluta svarstikunnar (þ.e. 0-2) felld saman í einn flokk og það sama gert fyrir öll svör á efri hluta hennar (þ.e. 4-6), þannig að í stað 7 svarmöguleika eru í niðurstöðum sýndir 3 svarmöguleikar fyrir hverja spurningu.

Við úrvinnslu svara við opinni spurningu í a)-lið var horft til þess að ná utan um helstu tilhneigingar og áherslur í svörum þátttakenda. Því var leitað eftir þeim í svörum og úr þeim voru búnir til atriðaflokkar sem fengu lýsandi heiti. Fjöldi svara að baki hverjum atriðaflokki var hafður að lágmarki þrjú. Ef tiltekið svar féll ekki að þema í þeim atriðaflokkum sem fyrir hendi voru eða gaf ekki tilefni til að búinn væri til nýr atriðaflokkur, var því sleppt.


Niðurstöður eru settar fram í formi súlurita. Hlutföll í súluritum miðast við þann fjölda þátttakenda sem svaraði spurningalistanum. Til að varpa skýrara ljósi á efni atriðaflokkana eru neðan við súlurit sýnd dæmi um einstök svör í atriðaflokkum.

Svör við opinni spurningu í b)-lið er að finna í viðauka B og eru þau birt án frekari úrvinnslu.



## Spurningalisti - hluti 1: Afstaða til frumhugmyndar


Á mynd 3 má sjá þá frumhugmynd að framtíðarskipulagi í miðkjarna Árness sem lögð var fram á kynningarfundinum.



Mynd 3. Frumhugmynd sem lögð var fram á kynningarfundum.


### 1. Hversu illa/vel líst þér á frumhugmyndina sem var kynnt á fundinum um framtíðarþróun Árness?

47 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 4.



Mynd 4. Meðaltal svara þátttakenda við því hvernig þeim leist á frumhugmynd.

Á mynd 5 má sjá afstöðu þátttakenda til frumhugmyndarinnar eftir svarflokkum.




Mynd 5. Afstaða þátttakenda eftir því hvernig þeim leist á frumhugmyndina.

Niðurstöður sýna að á heildina litið leist þátttakendum nokkuð vel á frumhugmyndina ( $M = 4,03$ ,  $Sf = 1,76$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að auknum meirihluta (68%) leist vel á frumhugmyndina, tæplega fimmtungi leist illa á hana (19%) en 13% leist hvorki vel né illa. Niðurstöðurnar sýna því að meðal þátttakenda standi vilji til þess að áfram verði unnið að útfærslu skipulags í anda frumhugmyndarinnar.<sup>2</sup> Að því sögðu er engu að síður mikilvægt, líkt og fram kemur í niðurstöðum sem raktar eru hér á eftir, að kafað sé nánar ofan í tiltekna áherslur hennar.

<sup>2</sup> Þrátt fyrir jákvæða afstöðu til frumhugmyndarinnar eru þátttakendur nokkuð varfærir í svörum (sbr. það að meðaltal svara er nokkuð nærri miðgildi svarstíkkunnar). Afstaðan til frumhugmyndarinnar er marktækt neikvæðari ( $t(104) = 0,03$ ) en afstaða þátttakenda á fundi 16. mars sl. var til rammahugmyndar sem þar var kynnt ( $M = 4,73$ ;  $Sf = 1,53$ ) (sjá [ENVALYS \(2024\). Árnes – kynningarfundur – 16. mars 2024. Niðurstöður spurningalista. ENVALYS24-0401](#)). Hafa verður þó í huga að rammahugmyndin fól aðeins í sér grófa skematíska framsetningu (sbr. mynd 1) en frumhugmyndin útlistaði með nákvæmari hætti skipulagshugmyndir (sbr. myndir 2 og 3).


## 2. Hversu ósammála/sammála ert þú því að félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar?

46 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 6.



Mynd 6. Meðaltal svara þátttakenda við því hvort félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar.

Á mynd 7 má sjá afstöðu þátttakenda til þess hvort félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar eftir svarflokkum.




Mynd 7. Afstaða þátttakenda til þess hvort félagsheimilið Árnes sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar.

Niðurstöður sýna að á heildina litið eru þátttakendur fremur sammála því að félagsheimilið sé miðpunktur þéttbýlisins til framtíðar ( $M = 4,43$ ,  $Sf = 1,52$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að 74% eru sammála þessari hugmynd, 9% ósammála og 17% hvorki sammála né ósammála eða svara ekki. Niðurstaðan gefur því sterklega til kynna að skipulagsvinnan skuli taka mið af því að útfæra þessa hugmynd nánar.


### 3. Hversu ósammála/sammála ert þú framlagðri staðsetningu nýs íþróttahúss og sundlaugar?

45 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 8.



Mynd 8. Meðaltal svara þátttakenda varðandi framlagða staðsetningu nýs íþróttahúss og sundlaugar.

Á mynd 9 má sjá afstöðu þátttakenda til framlagðar staðsetningar nýs íþróttahúss og sundlaugar eftir svarflokkum.




Mynd 9. Afstaða þátttakenda til framlagðrar staðsetningar nýs íþróttahúss og sundlaugar.

Niðurstöður sýna að á heildina litið eru þátttakendur býsna sammála framlagðri staðsetningu nýs íþróttahúss og sundlaugar ( $M = 4,96$ ,  $Sf = 1,52$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að 85% eru sammála þeirri hugmynd sem lögð var fram, tæplega 10% eru ósammála og 6% taka ekki afstöðu eða svara ekki. Niðurstaðan gefur því skýrt til kynna að skipulagsvinnan skuli taka mið af því að útfæra þessa hugmynd nánar.


#### 4. Hversu litlu/miklu máli telur þú það skipta að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss?

46 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 10.



Mynd 10. Meðaltal svara þátttakenda til þess hversu litlu/miklu máli það skiptir að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss.

Á mynd 11 má sjá niðurstöðurnar flokkaðar eftir afstöðu þátttakenda til þess hvaða máli það skiptir að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss.




Mynd 11. Afstaða þátttakenda til þess hvaða máli það skiptir að innangengt sé milli skóla og íþróttahúss.

Niðurstöður sýna að á heildina litið töldu þátttakendur það skipta máli að innangengt væri milli skóla og íþróttahúss ( $M = 4,00$ ,  $Sf = 1,76$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að 57% eru sammála þeirri hugmynd, rúmur fjórðungur er hvorki sammála né ósammála, 15% eru ósammála og 2% svara ekki. Niðurstaðan gefur því til kynna að skipulagsvinnan skuli taka mið af því að útfæra þessa hugmynd nánar.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Þrátt fyrir jákvæða afstöðu til frumhugmyndarinnar eru þátttakendur nokkuð varfærir í svörum (sbr. það að meðaltal svara er nokkuð nærri miðgildi svarstíkkunnar). Niðurstöður gætu því kallað á frekari umræðu hvað þetta mál varðar.


5. Hversu illa/vel líst þér á að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins í þeim tilgangi að styrkja umgjörð svæðisins og auka aðgengi fólks að svæðinu?

46 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 12.



Mynd 12. Meðaltal svara þátttakenda til þess hvernig þeim líst á að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins í þeim tilgangi að styrkja umgjörð svæðisins og auka aðgengi fólks að svæðinu.

Á mynd 13 má sjá afstöðu þátttakenda til þess hvort 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins eftir svarflokkum.




Mynd 13. Afstaða þátttakenda til þess að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins.

Niðurstöður sýna að á heildina litið líst þátttakendum nokkuð illa á að 2-3 hæða byggingar rísi á suðurjaðri græna svæðisins ( $M = 2,70$ ,  $Sf = 1,96$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að 38% líst illa á hugmyndina en 34% líst vel á hana. Fjórðungi líst hvorki vel né illa á hugmyndina og 2% svara ekki. Ljóst er að þessi hugmynd innan frumhugmyndarinnar er sú sem hvað skiptastar skoðanir eru um, og kann það að skýrast m.a. af því að byggingar komi til með að ganga á núverandi íþróttasvæði (þ.e. fótbolta-/frjálsíþróttavöll)<sup>4</sup> og að hæð þeirra verði of mikil.<sup>5</sup> Mikilvægt er að næstu skref hugmyndavinnunnar taki tillit til þessara skoðana sem eru uppi og miði að því að leggja fram útfærslur sem komi til móts við sjónarmið þátttakenda.

<sup>4</sup> Sbr. svör við spurningu 8.

<sup>5</sup> Sbr. svör við spurningu 12 (sjá viðauka B).


Á mynd 14 má sjá hugmyndir að göngu- og hjólastígum (ljósbláar punktalínur) og akstursleið (rauð punktalína) á jaðri miðkjarnans (þ.e. umhverfis græna svæðið í miðjunni) eins og þær voru lagðar fram í frumhugmyndinni.



Mynd 14. Göngu- og hjólastígar (ljósbláar punktalínur) sem ætlað er að mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð og akstursleið (rauð punktalína) á jaðri miðkjarnans.


6. Hversu illa/vel líst þér á þær göngu- og hjólaleiðir (þ.e. ljósbláu punktalínurnar) sem settar eru fram í frumhugmyndinni og eiga að mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð?

46 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 15.



Mynd 15. Meðaltal svara þátttakenda varðandi göngu- og hjólaleiðir sem mynda tengiás milli íbúðarsvæða á Reykjanesi og austan við núverandi byggð.

Á mynd 16 má sjá afstöðu þátttakenda til þeirra göngu- og hjólaleiða sem settar voru fram í frumhugmyndum eftir svarflokkum.



Mynd 16. Afstaða þátttakenda til framlagðra göngu- og hjólaleiða.

Niðurstöður sýna að á heildina litið líst þátttakendur fremur vel á þær hugmyndir um göngu- og hjólastíga sem settar eru í frumhugmyndinni ( $M = 4,63$ ,  $Sf = 1,34$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að tæplega 80% eru sammála framlögðum hugmyndunum, 6% eru ósammála og 15% segja að þeim lítist hvorki vel eða illa á hugmyndirnar eða svara ekki.

Niðurstaðan gefur því skýrt til kynna að skipulagsvinnan skuli taka mið af því að útfæra þessar hugmyndir nánar. Jafnframt verður að huga að því að í svörum þátttakenda kemur fram vilji til að græna svæðið í miðjunni verði nýtt til íþróttaiðkunar og jafnvel með þeim hætti að fótbolta- og frjálsíþróttavöllur haldi núverandi stöðu sinni.<sup>6 7</sup> Slíkt gengur þó sennilega gegn þeirri hugmynd að göngu- og hjólastígum gegnum græna svæðið í miðjunni sé ætlað að vera tengiás milli íbúðahverfa á Reykjanesi og austan núverandi byggðar. Mikilvægt er að næstu skref hugmyndavinnunar taki tillit til þessara sjónarmiða og miði að því að leggja fram útfærslur sem komi til móts við vilja þátttakenda.


<sup>6</sup> Sbr. svör við spurningu 8.

<sup>7</sup> Sbr. svör við spurningu 12 (sjá viðauka B).




7. Hversu illa/vel líst þér á að akstursleið (þ.e. rauða punktalínan) fari eftir jaðri miðkjarnans (þ.e. umhverfis græna svæðið í miðjunni)?

43 þátttakendur svöruðu spurningunni og meðaltal svara má sjá á mynd 17.



Mynd 17. Meðaltal svara þátttakenda varðandi akstursleið eftir jaðri miðkjarnans (þ.e. umhverfis græna svæðið í miðjunni).

Á mynd 18 má sjá afstöðu þátttakenda til þeirrar akstursleiðar sem sett var fram í frumhugmyndum og fer eftir jaðri miðkjarnans, eftir svarfloknum.




Mynd 18. Afstaða þátttakenda til framlagðrar akstursleiðar eftir jaðri miðkjarnans.

Niðurstöður sýna að á heildina litið líst þátttakendum nokkuð vel á framlagða hugmynd um akstursleið meðfram jaðri græna svæðisins ( $M = 3,70$ ,  $Sf = 1,83$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að ríflega 53% eru sammála framlagðri hugmynd en tæplega fimmtungur (21%) er ósammála. Tæplega fimmtungi (21%) líst hvorki vel né illa á hugmyndina og 9% svara ekki. Niðurstaðan gefur tilefni til að rýna betur í framlagða hugmynd og leggja til aðra möguleika að útfærslum og þarf sérstaklega að horfa til aðkomu að félagsheimilinu Árnesi í því sambandi.<sup>8</sup>

<sup>8</sup> Sbr. svör við spurningu 12 (sjá viðauka B)

## 8. Hvernig finnst þér að best mætti nýta græna svæðið í miðjunni?

30 þátttakendur svöruðu spurningunni og á mynd 19 má sjá hlutfall þeirra sem nefndu tiltekið atriði.



Mynd 19. Þau atriði sem þátttakendur nefndu varðandi hvernig best megi nýta græna svæðið í miðjunni.


Dæmi um svör frá þátttakendum:

- **Í þágu íþróttar (t.d. fótbolts og frjálssar).** Ekki skemma íþróttavöll, hugsa um framtíðarmöguleika með hann, hafa svæði íþróttamiðað, flott íþróttamót, fótbolts, frjálssar.
- **Til hreyfingar og útvistar.** Svæði sem býður upp á hreyfingu, byggja upp útvistarsvæði, að svæðið hafi sem mest aðdráttarafl til hreyfingar.
- **Sem samkomustað.** Huggulegt samkomusvæði, fallett útisvæði (Central Park), útihátíð (þorpshátíð), skemmtilegir viðburðir fyrir alla fjölskylduna.
- **Í þágu skólastarfs (leik- og grunnskóla).** Nýta svæðið fyrir flestar íþróttir skólabarna, íþróttasvæði fyrir skóla, skólalóð að hluta.
- **Sem leiksvæði.** Að hægt sé að nýta svæðið fyrir leiki, leikkastalar, hoppubelgur.
- **Sem göngu- og hjólasvæði.** Með göngu- og hjólahring umhverfis, öllum finnst gaman að fara hring, kósí göngustígar utan við samkomusvæði.
- **Sem skrudgarður.** Skrudgarður.
- **Skapa skjól og planta trjágróðri.** Mynda skjól með trjám, belti af trjám til að mynda skjól.

## Spurningalisti – hluti 2: Afstaða til kynningar

### 9. Hversu gagnleg fannst þér heildaryfirferðin á þeirri frumhugmynd sem kynnt var?


45 þátttakendur svöruðu spurningunni og á mynd 20 má sjá niðurstöðurnar flokkaðar eftir afstöðu þátttakenda.



Mynd 20. Afstaða þátttakenda flokkuð eftir hversu gagnleg þeim þótti heildaryfirferðin á frumhugmyndinni.

### 10. Hversu gagnleg fannst þér notkun þrívíddarlíkansins við kynningu á frumhugmynd?

41 þátttakandi svaraði spurningunni og á mynd 21 má sjá niðurstöðurnar flokkaðar eftir afstöðu þátttakenda.




Mynd 21. Afstaða þátttakenda flokkuð eftir hversu gagnleg þeim þótti notkun þrívíddarlíkansins við kynningu á frumhugmyndinni.

Niðurstöður sýna að á heildina litið fannst þátttakendum notkun þrívíddarlíkansins býsna gagnleg ( $M = 4,91$ ,  $Sf = 1,22$ ). Þegar afstaða þátttakenda er greind nánar kemur í ljós að 93% fannst notkun líkansins gagnleg en 7% fannst hún gagnslaus eða hvorki gagnleg né gagnslaus.

### 11. Myndirðu vilja fá hafa aðgang að þrívíddarlíkaninu t.d. gegnum netið, til að átta þig betur á frumhugmyndinni?

44 þátttakendur svöruðu spurningunni og á mynd 22 má sjá niðurstöðurnar flokkaðar eftir afstöðu þátttakenda.



Mynd 22. Afstaða þátttakenda flokkuð því hvort þeir myndu vilja hafa aðgang að þrívíddarlíkaninu til að átta sig betur á frumhugmyndinni.

## Viðauki A – spurningar, ábendingar og svör

Í viðaukanum eru teknar fyrir athugasemdir og spurningar sem fundarmenn vörpuðu fram á fundinum og er þeim svarað í stuttu máli.

### Hagnýt atriði

- Óskað var eftir að glærur af íbúafundum 11. júní og 16. mars væru gerðar aðgengilegar íbúum sem og spurningar sem komu fram á fundinum 11. júní.  
**Svar:** *Glærur frá báðum fundum má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.*
- Ritgerðir um sögu hreppsins liggja fyrir (m.a. lokaritgerð í KHÍ) sem hægt er að nýta.  
**Svar:** *Gott að vita að slíkum heimildum og eru allir íbúar hvattir til að kynna sér samantekt ENVALYS um aðdraganda og upphafsár þéttbýlisins Árnes<sup>9</sup> sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins. Allar ábendingar og viðbætur við samantektina eru vel þegnar og þær má senda á netfangið [envalys@envalys.is](mailto:envalys@envalys.is).*

### Framtíðarfjöldi íbúa

- Hvaðan koma tölur um framtíðarfjölda íbúa í þéttbýlinu Árnesi sem liggja til grundvallar skipulaginu?  
**Svar:** *Í breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 – breyting í þéttbýlinu Árnesi<sup>10</sup> sem nær yfir þann hluta byggðarinnar sem stendur norðan Þjórsárdalsveggar segir: „Á allra næstu árum sér sveitarfélagið fram á að mikil þörf verði fyrir íbúðarhúsnæði í Árnesi og snýst breytingin um að koma til móts við áætlaða þörf fyrir íbúðarhúsnæði, samhliða uppbyggingu á þjónustu sem því fylgir. Markmið sveitarfélagsins er að vera ávallt tilbúið með lóðir þegar þörf er á. Búið er að skipuleggja allt land í eigu sveitarfélagsins í þéttbýlinu Brautarholti og því verður framtíðar byggingarland í Árnesi, en þar á sveitarfélagið 280 ha. Áætlað er að byggja allt að 500 íbúðir í áföngum á næstu árum skv. [Húsnæðisáætlun 2023].<sup>11</sup>“*

<sup>9</sup> [ENVALYS \(2024\). Árnes – aðdragandi og upphafsár. ENVALYS24-0402.](#)

<sup>10</sup> [Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Breyting á þéttbýlinu Árnesi.](#)

<sup>11</sup> [Húsnæðisáætlun 2023.](#)

### Áfangaskipting í þróun svæðisins

- Mikilvægt er að þróa svæðið í áföngum.

**Svar:** Stefnt er að því að þróa heildstætt skipulag fyrir miðkjarnann og einnig fyrir þéttbýlið Árnes í heild sinni. Samkvæmt ofangreindri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins verður uppbygging íbúðasvæða áfangaskipt á deiliskipulagsstigi.

### Aðkoma umferðar

- Athuga þarf aðkomu að félagsheimili. Það má ekki auka umferð framhjá skóla líkt og frumhugmyndin gerir ráð fyrir.
- Mikilvægt að skoða vel hvernig akandi umferð er leidd inn í miðkjarnann.
- Mikilvægt er að tryggja aðgengi neyðarbíla að byggingum.

**Svar:** Aðkoma að þéttbýlinu, einstökum hverfum innan þess og einstökum byggingum er eitt mikilvægasta viðfangsefnið á þessu stigi skipulagsvinnunnar. Varðandi aðkomu að félagsheimili mætti skoða að taka hana að vestanverðu í stað þess að taka hana að austanverðu eins og kynnt var á fundinum 11. júní. Með því móti væri umferð framhjá skóla ekki aukin. Skipulagsgerðin tekur mið af því að aðgengi neyðarbíla sé gott.

### Hleðslustöðvar

- Koma upp hleðslustöðvum.

**Svar:** Við gerð skipulagsins verður hleðslustöðvum fyrir íbúa og gesti fundið rými.

### Hæð bygginga

- Er hægt að komast hjá því að byggja upp blokkir til að mæta framtíðarfjölda íbúa í þéttbýlinu Árnesi?
- Ekki leyfa stórfyrirtækjum að koma inn í hverfi með margra hæða byggingar. Byggingar mega ekki vera hærra en 2 hæðir.
- Byggingar sunnan við græna svæðið mega ekki vera háar.

**Svar:** Í fyrrgreindri breytingu á gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að:

- Íbúðarbyggð (ÍB7, ÍB10 og ÍB11) sé heimilt að vera með einbýlis-, rað- og parhús á 1-2 hæðum og fjölbýlishús á 2 hæðum.
- Á miðsvæði (M1) geta mannvirki verið á 1-3 hæðum.

Af þessu má sjá að gildandi skipulag fyrir Árnes gerir ekki ráð fyrir hærri en 3 hæða byggingum og þá aðeins innan miðsvæðis (eða miðkjarnans eins og hann er nefndur í kynningunni). Á öðrum stöðum mega byggingar að hámarki vera 2 hæðir.

#### Flöt þök bygginga

- Gæta verður að flötum þökum, sem geta reynst dýrkeypt t.d. vegna leka.  
**Svar:** Flöt þök hafa sína kosti og ókosti, en mikilvægt er að hönnun húsa í þéttbýlinu Árnesei taki mið af fjárhagslegum og fagurfræðilegum þáttum, feli í sér gæði og stuðli að velferð fólks.

#### Kennileiti

- Hugsa um áberandi kennileiti til að fólk geti lesið umhverfið og áttað sig á því.  
**Svar:** Tekið er undir mikilvægi þess að áberandi kennileiti sé í þéttbýlinu sem eykur læsileika þess. Frumhugmyndin gerir ráð fyrir að félagsheimilið Árnes og torgið sunnan við það gegni því hlutverki. Auk þess mun íþróttahús, vegna stærðar sinnar, verða kennileiti í umhverfinu.

#### Íbúðir fyrir aldraða

- Geta íbúðir aldraðra verið í byggingum sunnan við grænt svæði?  
**Svar:** Jú, mögulega geta íbúðir aldraðra verið í byggingum sunnan við græna svæðið. Með því móti verður aldurshópurinn í góðum tengslum við græna svæðið og við verslun og þjónustu. Aðrir möguleikar geta þó einnig verið eftirsóknarverðir í þessum efnum. Skipulagsvinnan mun beina sjónum sínum að þessum þáttum.

### Öryggi fólks í umhverfinu

- Gæta að því að umhverfi sé ekki algjörlega lokað frá vegum, það felst öryggi í því að vegir og umferð um þá sjáist.

**Svar:** Tekið er undir þessar vangaveltur enda hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi þessa.<sup>12</sup> Í skipulagsgerðinni verður horft til þess að ekki skapist aðstæður sem ýtt geti undir öryggi þeirra sem dvelja innan t.d. græns svæðis.

### Græna svæðið í miðjunni

- Mikilvægt að horft verði til þess að íþróttavöllurinn verði nýttur, sem er góður fyrir alla aldurshópa.
- Skapa þarf jafnvægi milli skruðgarðs og skólalóðar á græna svæðinu.
- Hvað með að byggja upp skruðgarð innan græna svæðisins?

**Svar:** Það verður lagt upp með að skapa áhugavert og aðlaðandi grænt svæði í miðjunni. Slíkt svæði getur verið að hluta til skólalóð, íþróttasvæði, leiksvæði, samkomustaður og skruðgarður. Það er mikilvægt að græna svæðið verði þróað með þeim hætti að það nýtist öllum aldurshópum og samtímis gegni því mikilvæga hlutverki að tengja saman íbúðarhverfi vestan og austan við miðkjarnann. Það er áskorun og ekki endilega vænlegasta lausnin til lengri tíma litið að íþróttavöllurinn haldi fullri stærð á þeim stað sem hann er núna, þar sem hann mun óhjákvæmilega takmarka möguleika fyrir skilvirkar göngu- og hjólaleiðir um svæðið. Að því sögðu er fyllilega tekið undir nauðsyn þess að góð íþróttastaða utandyra sé fyrir hendi en mögulega þyrfti að horfa til þess að hún byggðist upp á nýjum stað.

---

<sup>12</sup> Sjá t.d. Li, X., Zhang, C., & Li, W. (2015). Does the visibility of greenery increase perceived safety in urban areas? Evidence from the place pulse 1.0 dataset. *ISPRS International Journal of Geo-Information*, 4(3), 1166-1183.



*Skógrækt í þéttbýlinu*


- Upplagt að koma upp skógrækt austan við skólabyggingar og nýtt íþróttahús.

**Svar:** Þessa tillögu verður að skoða í samhengi við aðra þætti skipulagsins en hún snertir vissulega mikilvægan þátt, sem er skjólmyndun innan þéttbýlisins auk þess sem trjágróður í þéttbýli eykur alla jafna gæði umhverfisins og fjölbreytileika.

*Vindafar*

- Vindáttir eru mikilvægar – hvar verður skjól?

**Svar:** Á mynd 23 má sjá vindrósir fyrir svæðið. Samkvæmt vindrósi sem lituð er með bláu<sup>13</sup> er austan- og norðaustanátt tíðasta áttin (45,9% tilfella miðað við 10 m hæð) og er meðalvindhraði þessara átta 11,1-12 m/s. Þá er meðalvindhraði í sunnanátt 11,7 m/s.



Mynd 23. Vindrósir á völdum stöðum á svæðinu. Árnes merkt með rauðum hring.

Við gerð skipulags verður lagt upp með að skapa skjól fyrir ríkjandi vindum úr austri og norðaustri bæði með byggingum og gróðri, legu gatna og göngu- og hjólastíga. Þá verður sérstök áhersla lögð á skjólmyndun innan græna svæðisins í miðjunni.

<sup>13</sup> [Veðurstofa Íslands – vindatlas](#). Sótt 5. júlí 2024.

## Viðauki B – heildarupplifun af fundi

### 12. Hver var heildarupplifun þín á þessum fundi?

37 þátttakendur svöruðu spurningunni:

- Mjög góð.
- Mjög góð.
- Góður og gagnlegur fundur, flott vinna og virðingarverð. Helstu áhyggjur snúa að fjárhagslegum áhrifum til langframa. Einnig aðgengið að félagsheimilinu.
- Gaman að sjá en óþarflega langur formáli fyrir okkur sem vorum síðast.
- Góð.
- Aðdragandi að kynningu var alltof langur.
- Mjög fín, frábært að verið sé að vinna náið með umhverfissálfræði í undirbúningi skipulags.
- Bara nokkuð góð.
- Mjög fróðlegur og frábært að sjá hvernig er staðið að vinnunni og fólk fær að koma með hugmyndir.
- Mjög gagnlegur.
- Bara ágæt. Vil halda tjaldsvæðinu áfram. Sleppa hóteli. Öll þjónusta er til staðar, búðin og Árnes. Það er fín verslun fyrir.
- Stundum eru spurningar svolítið leiðandi í spurningalistanum eða allvegana væri gott að geta skrifað athugasemdir við sumar spurningar. Fundurinn var góður og upplýsandi. Haltu samtalinu áfram. Takk fyrir.
- Góð.
- Tvískipt: Haraldur að flýta sér. Páll að benda á samráð/samtal/fara hægt.
- Mér finnst þetta ógnvekjandi.

- Of mikil óvissa - hótél í miðju þorpi hentar ekki, þorpið þarf að bjóða okkur velkomin. Mengin sitthvoru megin við miðju áætla 800 íbúa sem nálgast 10-földun íbúa á staðnum í dag. Eðlilegt að skipta þeim niður frekar í eiginleg forgangsframkvæmdasvæði.
- Mætti hugsa aðkeyrslu að Árnesi betur.
- Páll talaði of mikið, var langorður. Ég fékk á tilfinninguna að hann væri að fela eitthvað.
- Veit ekki með aðkomu að Árnesi félagsheimili.
- Íbúar fá ekkert um það sagt hvort þeir vilji þessa framkvæmd eða ekki. Betra væri ef kosið yrði um þetta í næstu sveitarstjórnarkosningum.
- Góður fundur.
- Ég vil halda tjaldsvæðinu, alls ekki fá hótél. Aðilar eins og Þórður með sína starfsemi í Árnesi gerir svo mikið fyrir lítið samfélag eins og okkur. Ég vil ekki að þeir aðilar sem núna eru með atvinnustarfsemi í samfélaginu okkar eigi að víkja fyrir stórfyrirtækjum. Mjög gott að huga að atvinnuuppbyggingu en við þurfum líka að hugsa um fólkið og atvinnuna sem fyrir er. Mér finnst hugmyndirnar ansi stórtækar.
- Góð. Hefði viljað sjá meira af ungu fólki.
- Flottur fundur með góðum upplýsingum. Muna bara eftir aðgengi fatlaðs fólks í öllu skipulagi.
- Verulega framsækin og metnaðarfull áform. Upplýsandi og einlægur.
- Hröð yfirferð en þó nokkuð greinargóð og gott svigrúm fyrir spurningar. Von um að hlustað sé á allar athugasemdir.
- Mér líst vel á nýja íþróttahúsið við skólann en bleika svæðið og hótelið í staðinn fyrir tjaldsvæðið finnst mér skelfileg hugmynd. Ástæðan að mér líkar illa við bleika svæðið er aðallega að það tekur hluta af frjálsíþróttavellinum sem gott er að hafa til að halda útivistaríþróttum. Mér líst vel á göngu- og hjólaleiðirnar nema þær sem fara þvert yfir frjálsíþróttavöllinn.
- Góður fundur og áhugaverð framtíðarsýn en þarf að melta og hugsa vandlega. Líst vel á staðsetningu íþróttahúss en tel rétt að byrja á einni hæð með möguleika á að byggja aðra hæð ofan á seinna meir. Þurfum að sjá hvernig samfélagið þróast. Óþarfi að hafa

tengibyggingu. Myndi frekar vilja sjá viðbyggingu við skólann sjálfan. Finnst að tjaldsvæðið eigi að halda sér, nýbúið að stækka það.

- Nokkuð góð.
- Góð, vel framsettur fundur og góðar og gagnlegar athugasemdir.
- Mjög góð.
- Góð.
- Skelfileg. Skrýtið að takmarka umferð að félagsheimili og loka tjaldsvæði.
- Gönguleiðir og annað á ekki að fara yfir íþróttasvæðið. Allar upplýsingar sem komu fram á að birta á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Frábær framkvæmd.
- Mjög góðar kynningar. Leiðinlegar neikvæðu raddirnar.
- Flott.



**ENVALYS**

Safamýri 91, 108 Reykjavík  
[envalys@envalys.is](mailto:envalys@envalys.is)  
[www.envalys.is](http://www.envalys.is)